

Skólareglur Grunnskólans í Breiðdalshreppi

Í reglugerð nr. 2702. gr.2 um skólareglur segir:

Hver grunnskóli skal setja sér skólareglur sem skylt er að fara eftir. Skólastjóri, kennarar og aðrir starfsmenn, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi og skólabragur í skólanum sé sem bestur og eiga skólareglur að stuðla að því. Forsendur góðs starfsanda eru vellíðan, gagnkvæmt traust, virðing og samábyrgð allra í skólasamfélaginu

Einkunnarorð Grunnskóla Breiðdalshrepps eru: VIRÐING – VINÁTTA – VANDVIRKNI

Almennar reglur

1. Samskipti í skólanum og annars staðar þar sem nemendur eru á hans vegum skulu grundvallast á virðingu, kurteisi og tillitssemi. Nemendum ber að fara eftir fyrirmælum starfsmanna skólans og virða skólareglur. Allt ofbeldi hvort sem er með orðum eða gjörðum er ekki liðið.
2. Nemendum ber að mæta stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag, þar með talin íþróttaföt og sundföt, og sinna hlutverki sínu af ábyrgð.
3. Nemendum ber að sinna heimanámi skv. fyrirmælum kennara og er það á ábyrgð foreldra og nemenda að því sé sinnt.
4. Nemendur skulu ganga vel um skólann sinn, jafnt innan dyra sem utan. Hlaup og læti á göngunum eru bönnuð.
5. Séu forföll ekki tilkynnt samdægurs af forráðamanni nemanda verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.
6. Tölvubúnaður er eign skólans og fyrst og fremst ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annars er samræmist markmiðum skólans. Nemendum er óheimilt að nota GSM síma í kennslustundum, I-pod, geislaspilara, leikjatölvur eða sambærileg tæki nema í undantekningartilvikum í samvinnu við kennara.
7. Nemendur skulu vera klæddir eftir veðri. Nemendur í 1.-7. bekk fara út í frímínútur dag hvern. Nemendum í 8.-10. bekk er heimilt að vera inni í síðari frímínútum. Nemendur hafi með sér hollt nesti í skólann. Mælst er til að nemendur komi með ávexti og

grænmeti í morgunnesti. Sælgæti má ekki hafa um hönd í skólanum né í ferðum á vegum skólans nema það sé sérstaklega tekið fram. Öll neysla matar og drykkja í kennslurýmum er óheimil.

8. Nemendur skulu ekki fara í burt af skólalóðinni á skólatíma nema með leyfi starfsfólks.

9. Reykingar sem og notkun hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni sem og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

10. Símareglan

- Nemendum í 8. – 10. bekk er heimilt að vera með og nota GSM-síma í skólanum fari þeir eftir eftirfarandi reglum:
 - Í kennslustundum og matsal er öll notkun GSM-síma bönnuð. Símarnir geymist í skólatösku og aðeins notaðir í samráði við kennara.
 - Ekki er heimilt að nýta símana til að taka upp eða dreifa efni úr skólastarfinu. Myndatökur hverskonar eru því bannaðar í skólahúsnaðinu þ.m.t. í íþróttahúsi, sundlaug, félagsmiðstöð og bókasafni nema með leyfi kennara/starfsmanna.
 - Símarnir eru á ábyrgð nemenda í skólanum. Tjón vegna þjófnaðar eða skemmda verður ekki bætt af hálfu skólans.
 -

Við brot á þessum reglum skal nemandi slökkva á síma sínum og afhenda hann kennara/starfsmanni skóla. Síminn er afhentur í lok skóladags. Við síendurtekin brot og/eða misnotkun á GSM-símum er viðkomandi nemandi bannað að vera með GSM-síma í skólanum í styttri eða lengri tíma.

Í upphafi skólaárs skrifa nemendur, foreldrar og umsjónakennarar undir símasamning.

Öryggisreglur

1. Ógn við eigið öryggi, öryggi samnemenda eða starfsfólks er aldrei liðið og getur orðið til þess að nemandi er vikið úr skóla tímabundið, á meðan leitað er viðeigandi lausna.
2. Notkun reiðhjóla, hjólaskauta, hlaupahjóla eða hjólabretta á skólalóð er bönnuð vegna hættu á slysum, svo og allt snjókast að húsi, ökutækjum og vegfarendum. Þeir sem koma á hjólum í skólann verða að hafa öryggishjálma.

Það er á ábyrgð nemenda og foreldra að nemendur noti öryggishjálma annars er hjólið tekið í vörslu.

Viðbrögð og viðurlög við agabrotum

1. Stigs hegðunarfrávik

Dæmi um 1. stigs hegðunarfrávik:

- Þras / ögrun / rífrildi
- Trufla afhafnir, leiki eða vinnu annarra
- Ganga illa um

Framkvæmd og eftirfylgni

- Starfsmaður ræðir einslega við nemanda.
- Nemandi er leiðbeint og lögð er áhersla á að hann þekki regluna og sýni vilja til þess að gera betur næst.
- Lögð er áhersla á virðingu og að starfsmaður hrósi nemandi fyrir samvinnu.
- Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 1. stigs hegðunarfrávik samsvarar það 2. stigs hegðunarfrávik og skal framfylgt samkvæmt því.

2. stigs hegðunarfrávik

Dæmi um 2. stigs hegðunarfrávik

- Særandi eða niðrandi orðbragð, hæðni
- Neitar að fylgja fyrirmælum
- Ósannsógli, svik, svindl
- Áreitni, hrekkir, stríðni

Framkvæmd og eftirfylgni

- Umsjónakennari/skólastjóri hefur samband við foreldra/forráðamenn og skráir atvikið. Ef nemandi sýnir ekki bætta hegðun fljótlega boðar umsjónarkennari/skólastjóri foreldra/ forráðamenn til fundar og lausna er leitað.
- Ef nemandi hefur ítrekað sýnt 2. stigs hegðunarfrávik samsvarar það 3. stigs hegðunarfrávik og skal fylgt eftir samkvæmt því.
- Sá kennari sem þarf að grípa til þess neyðarræðis að vísa nemandi úr kennslustund eða ef nemandi yfirgefur kennslustundina án leyfis upplýsir hann umsjónakennara sem hringir heim til nemandans, gerir grein fyrir ástæðu brottvísunar/brotthvarfs og óskar eftir samstarfi við heimilið um að veita nemandanum tital.

3. stigs hegðunarfrávik

Hér er um að ræða alvarleg hegðunarfrávik sem stofna öryggi og vellíðan nemandi og/eða starfsfólks í hættu og leiðir til truflunar á eðlilegu skólastarfi. Ólögleg hegðun er tilkynnt lögreglu.

Dæmi um 3. stigs hegðunarfrávik:

- ofbeldi/slagsmál/ógnandi hegðun,
- skemmdarverk,
- þjófnaður
- annað (s.s vopn, eldfæri, reykingar og fíkniefni).

Ef 3. stigs hegðunarfrávik á sér stað vísar starfsmaður nemanda samstundis og án umræðu til skólastjórnenda. Sem tekur ákvörðun um farveg málsins. Skólastjóri skráir málið og úrvinnslu þess og gerir umsjónarkennara grein fyrir úrvinnsluferlinu eins fljótt og unnt er.

- Þegar nemandi hefur orðið uppvís að einhverju framantöldu er hann tekinn úr aðstæðum og haft samband við foreldra eins fljótt og unnt er. Áhersla er lögð á að fundað sé með foreldrum og barni í upphafi næsta skóladags. Nemandi fer ekki inn í bekk fyrir en fundað hefur verið og málið til lykta leitt.
- Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum. Foreldrum / forráðamönnum og fræðsluyfirvöldum er tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólastjórnenda.
- Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina forráðamönnum tafarlaust frá málavöxtum.
- Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skóla, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Nemandi ber að bæta það tjón sem hann veldur.
- Í Grunnskóla Breiðdalshrepps er kennara heimilt að víkja nemandi úr kennslustund ef hann hefur valdið **verulegri** og síendurtekinni truflun og ekki látið segjast við áminningu. Nemandi í 6. – 10. bekk er vísað á skrifstofu skólans þar sem hann bíður kennarans en yngri nemendur verða í umsjá starfsmanna skólans.
- Við úrvinnslu agamála er hægt að kalla til ýmsa aðila t.d. námsráðgjafa, sérkennara, sálfræðing, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðing o.fl. Einnig er hægt að vísa málum til nemendaverndarráðs